

FRÁSÖGN

*af fundi formanna landsdeilda Norðurlanda og Eystrasaltslanda á Evrópuráðsþinginu
31. ágúst 2020.*

Fundurinn fór fram með fjarfundarbúnaði. Af hálfu Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins tóku þátt í fundinum Rósa Björk Brynjólfssdóttir formaður og Bylgja Árnadóttir alþjóðaritari. Á dagskrá voru fyrirhugaðar kosningar til embætta þingsins og ástandið í Hvíta-Rússlandi.

Ingjerd Schou, formaður landsdeildar Noregs, kynnti framboð Bjørns Berge til varaframkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Berge væri núverandi framkvæmdastjóri ráðherranefndar Evrópuráðsins og hefði langa reynslu af starfi fyrir norska utanríkisráðherra. Einnig var rætt um val á framkvæmdastjóra þingsins. Starfandi framkvæmdastjóri, Wojciech Sawicki, sæktist eftir endurkjöri en Despina Chatzivassiliou-Tsovilis, yfirmaður starfsmanna stjórnmalanefndar þingsins væri einnig í framboði. Fundarmenn bentu á að óvenjulegt væri að sækjast eftir þriðja skipunartímabili, líkt og Sawicki gerði.

Rætt var um stöðuna í Hvíta-Rússlandi og hvað hægt væri að gera til sýna mótmælendum stuðning. Ákveðið var að landsdeildir Norðurlanda og Eystrasaltslanda á Evrópuráðsþinginu myndu gefa út sameiginlega yfirlýsingu þar sem ofsóknum á hendur mótmælendum yrði mótmælt og hvítússnesk stjórnvöld hvött til að hefja viðræður við stjórnarandstöðuna í landinu.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu <https://pace.coe.int/en/>.